

LAXÁ Á SKÓGARSTRÖND
LAXARANNSÓKNIR 1987

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, júní 1988

VMST-V/88014X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

LAXA Á SKÓGARSTRÖND
LAXARANNSÖKNIR 1987

1. INNGANGUR

Að beiðni leigutaka Laxár á Skógarströnd var athugun gerð á laxastofni árinna þann 20 ágúst 1987. Helsti tilgangur rannsóknarinnar var að athuga ána með hrygningar - og uppeldisskilyrði fyrir lax í huga og enn fremur að athuga fiskræktarmöguleika fyrir lax innan vatnakerfisins. Engar fiskrannsóknir hafa áður farið fram í þessu vatnakerfi.

Laxá á Skógarströnd fellur í Hvammsfjörð í svokallaðan Arnhúsavog og er á milli Svínafossar að vestanverðu og Gljúfurár að austanverðu (Mynd 1) og er vatnasvið árinna 46 km². Áin er dragá um 10 km að lengd fram í fremstu drög, en áin á m.a. upptök sín í nokkrum litlum vötnum í 150 - 200 m hæð yfir sjó og fellur því að mestu á láglendi. Áin er tiltölulega stutt fiskgeng eða um 2 km að fossi sem er skömmu fyrir neðan annan hærri foss sem kallast Lambhagafoss. Lítil þverá, Blankur fellur í Laxá skammt fyrir ofan ósinn. Áin er fremur lítil og er vatnasviðið einungis 12 km. Blankur er 3 km að lengd og kemur úr Hólmlátursvötnum og er fiskgengur að fossi skammt fyrir neðan vatnið. Byrjað var að leigja ána til stangaveiða á laxi upp úr 1950. Frá 1974-1987 hafa að meðaltali veiðst 167 laxar í ánni. Á þessu tímabili veiddust flestir laxar árið 1985 alls 277, en minnsta veiðin varð 1980 eða 109 laxar. (Mynd 2)

2. ADFERDIR

Botngerð og straumlag árinna var athugað eftir föngum, en þessir tveir þættir skipta mestu máli varðandi uppeldis og hrygningarskilyrði fyrir lax. Leiðni árvatnsins var mæld en leiðni er mælikvarði á steinefna innihald vatnsins og þar með frjósemi þess. Þá fóru rafveiðar fram á nokkrum stöðum til að meta seiðapétteleika og vöxt í ánni. Farnar voru 2 veiðiyfirferðir á hverju veiðisvæði til þess að unnt væri að meta pétteleikann.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. BOTNGERÐ OG STRAUMLAG

Uppeldis og hrygningarskilyrði fyrir lax í Blank hvað botngerð snertir eru mjög góð. Áin er að mestu smágrytt eða stórgrytt en fellur einnig nokkuð á klöpp. Bakkar eru vel grónir og mikið um slý og gróður í ánni. Því er nóg um felustaði fyrir seiði, en seiðafjöldi í ám er jafnan mestur þar sem slík skilyrði er að finna. Að jafnaði er áin áætluð um 4 m að breidd og stærð uppeldissvæða því um 12000 m².

Botngerð Laxár var einnig athuguð eftir föngum. Fyrir neðan þjóðveg fellur áin nokkuð á klöpp, en er ofar dregur verður áin gryttari og fellur mest á gryttum brotum og eru því víðast góð hrygningar og uppeldisskilyrði. Áin er fremur stutt fiskgeng og stöðvast fiskurinn við foss ofarlega í gílinu.

Fyrir ofan ófiskgenga fossinn er stutt svæði í ánni að næsta fossi, Lambhagafossi sem er allhár foss eða um 15 m. Áin fellur þar nær eingöngu á klöpp og eru þar engin hrygningar og uppeldisskilyrði fyrir lax. Hins vegar eru þar nokkrir hyljir sem eru álitlegir veiðistaðir fyrir lax.

Ofan við Lambhagafoss var áin skoðuð um 1.5 km fram á dal. Litill foss er skammt fyrir ofan Lambhagafoss en að öðru leyti fellur áin á smágryttum brotum. Uppeldisskilyrði eru góð fyrir laxaseiði á þessu svæði. Áin er 6-8 m breidd og það svæði sem athugað var er því ca 9-12000 m².

3.1. VATNSHITI OG LEIÐNI

Engar samfelldar hitamælingar eru til staðar úr Laxá á Skógarströnd. Ætla verður þó að áin geti orðið mjög hlý þar sem áin er lítil að vatnsmagni og fellur að mestu á láglandi. Blankur ætti að hlýna meira en Laxá vegna áhrifa Hólmlátursvatna, og einnig ætti hitasveiflan að vera minni. Þann 20 ágúst reyndist Blankur vera 16.7 °C kl 17.15 og Laxá var 12.2 °C kl 21 00 um kvöldið. Árnar voru báðar mjög vatnslitlar og mjög hlýtt í veðri þennan dag.

Leiðni ána mældist einnig mjög há. Þannig var Blankur 112 mS/sm og Laxá 87 mS/sm. Svo há leiðni sýnir hátt steinefna-innihald árvatnsins en það bendir til að frjósemi ána sé góð.

3.3. RAFVEIDAR

Í vatnakerfinu var veitt á 3 stöðum (Mynd 1.), þar af ein stöð í Blank og 2 í Laxá. Seiðapéttleikinn reyndist vera mestur í Blank, en þar mældist péttleikinn í heild vera 440.5 seiði á 100 m² eða meira en 4 seiði á m². Svo mikill péttleiki heyrir til undantekninga í ám og aðeins þar sem fæðuskilyrði og búsvæði eru mjög góð. Í Blank fundust 4 árgangar og mældist péttleiki eins árs seiða (árgangur 1986) vera hæstur en einnig var mjög mikið af þriggja ára seiðum (árgangur 1984). Vöxtur seiða var fremur hægur í Blank og virðist áin framleiða gönguseiði á 4 árum (Tafla 2, Mynd 3).

Péttleiki laxaseiða í Laxá var svipaður á milli stöðva eða frá 54.5-59.6 seiði á 100 m². Péttleikinn var mun minni en í Blank en þó verður að telja ána vel setna af seiðum. Allir árgangar fundust frá vöngömlum seiðum upp í þriggja ára seiði. Eins og í Blank voru árgangar frá 1986 og 1984 sterkir. Árgangurinn frá 1985 var síðri þó hann væri til staðar á öllum veiðistöðum. Vöxtur seiða var einnig hægur í Laxá (Tafla 2, Mynd 3) og framleiðir áin sjögönguseiði mest á 4 árum, en það er mjög algengt í þeim ám sem falla í Hvammsfjörð.

4. ALYKTANIR

Af þeim niðurstöðum sem liggja fyrir er ljóst að vatnakerfi Laxár á Skógarströnd hefur mjög góð uppeldis- og hrygningarskilyrði fyrir lax. Þetta sést glögglega á miklum seiðapéttleika víðs vegar í vatnakerfinu sem aftur byggist á því að áin er bæði hlý og frjósöm auk þess sem búsvæði eru hentug fyrir seiðin. Þetta kemur svo aftur fram í góðri laxveiði í ánni en hún er mjög mikil miðað við hvað áin er stutt fiskgeng og framleiðslusvæði seiða því tiltölulega lítil. Ekki verður annað séð af því seiðamagni sem er nú í ánni að það ætti að standa undir góðri laxgengd næstu ár. Árgangur-

inn frá 1984 sem virðist mjög fjölmennur, fer þannig að mestu til sjávar vorið 1988 og skilar sér sem smálax sumarið 1989 og stórlax ári síðar. Ekki má þó gleyma því að þótt seiðaframleiðslan sé mikil þá þýðir það ekki endilega að laxveiðin síðar meir endurspegli mikla seiðaframleiðslu. T.d þurfa skilyrðin í sjónum að vera góð er seiðin ganga út og einnig verður vatnsbúskapur árinna að vera í lagi er laxinn gengur upp í ána. Því þurfa margir þættir að koma saman til að laxveiðin verði góð.

Það er einmitt eitt helsta vandamál Laxár hve lítil áin er að vatnsmagni eins og svo margar ár á þessu landsvæði, sem er í regnvari fyrir úrkomuáttum og í þurrkasumrum eins og verið hafa undanfarin ár getur það haft slæm áhrif á laxgengd. Laxinn bíður þá gjarnan á ósasvæðum þar til aftur eykst í ánni og veiðist þá lítið meðan að slíkt ástand varir. Getur þetta leitt til þess að minna veiðist en efni standa til.

5. FISKRÆKT

Ljóst er að ýmislegt er unnt að gera í fiskræktarskyni í vatnakerfinu. Markmið fiskræktar er ævinlega það að auka afla eða arð af vatnakerfi miðað við að ekkert hefði verið gert. Við alla fiskrækt ætti að hafa að leiðarljósi að setja sér skýr markmið um hvaða árangri er vonast eftir með fiskræktinni og finna leiðir til að meta árangur t.d af sleppingum seiða og meta síðan hvort árangurinn teljist viðunandi.

Beinast liggur við að gera tilraun með ræktun ófiskgengu hluta árinna. Í Laxá virðist svæðið fyrir ofan Lambhagafoss geta hentað vel sem uppeldissvæði fyrir laxaseiði. Þetta mætti gera t.d með sleppingum sumaralinnna laxaseiða og er mælt með sleppingu ca. 5000 seiða á það svæði sem athugað var (1.5 km). Mælt er með því að a.m.k. hluti seiðanna yrði merktur með örmerkjum til að kanna árangur í veiði síðar meir. Fleiri leiðir koma einnig til greina. Hægt er að flytja klakfisk að hausti upp fyrir fossinn og laxinn myndi þá hrygna fyrir ofan og nýta svæðið af eigin rammleik.

Einnig kemur til greina að grafa frjóvguð laxahrogn að hausti til í sama skyni. Slíkt þyrfti í byrjun að gera undir leiðsögn fiskifræðings.

Einnig kemur til greina að nýta Hólmlátursvötnin á svipaðann hátt. Vötnin hafa þó ekki verið athuguð nægilega vel. Laxaseiði þrífast oft vel í stöðuvötnum og hafa sleppingar í stöðuvötn stundum skilað allgóðum árangri. Laxaseiði þrífast best á grynningum upp við ströndina helst á grýttum botni. Þyrfti að skoða vötnin nánar með þetta í huga. Ef skilyrðin teljast viðunandi er ráðlegt að gera tilraun með sleppingar á takmörkuðu seiðamagni í vötnin og merkja seiðin með örmerkjum til að unnt sé að meta árangur af sleppingunni.

Ef sleppingar fara fram í vatnakerfið er ráðlagt að stofn árinna sé eingöngu notaður til undaneldis vegna hættu á blöndun aðkomustofns við stofn árinna. Ætla verður að sá stofn hæfi ánni betur en aðrir stofnar enda vel aðlagður að kostum árinna sem göllum og ef öðrum stofnum er sleppt á svæðið er tekin ónauðsynleg áhætta.

Hvað aðrar fiskræktaraðgerðir varðar má nefna gerð fiskvegs í ófiskgenga fossinum í Laxá. Svæðið sem opnast fyrir ofan er mjög stutt aðeins nokkur hundruð metrar og þar eru nær engin uppeldis eða hrygningarskilyrði fyrir lax. Hins vegar eru þar nokkrir staðir sem eru góðir veiðistaðir. Ávinningur við gerð stiga er því fremur takmarkaður og kemur því aðeins til greina ef kostnaður við stigagerð telst vera lítill. Þyrfti að láta verkfræðing meta kostnað við slíka framkvæmd og meta síðan hvort þetta gæti komið til álita.

Annað sem möguleiki er á er að hækka á Hólmlátursvatni og nota sem vatnsmiðlun í Blank. Ljóst er að slík framkvæmd er ekki kostnaðarsöm. Í þurrkasumrum verður Blankur mjög vatnslítill og getur það haft neikvæð áhrif á seiðaframleiðsluna í læknum ef hann verður mjög lítill. Aður en í slíka framkvæmd yrði ráðist þyrfti að meta kostnaðinn við gerð stíflu og einnig þyrfti að kanna Hólmlátursvatnið betur þar eð miðlun úr vötnum getur haft neikvæð áhrif á fram-

leiðslu plantna, skordýra og fisks.

REIÐLEIÐI LAYAFÉLAGA F. LAXA Á SKOGSÞINGUM

1927

STADUR	1927	1928	1929	1930	1931
Blakkur 11					
F. o. g. 11	37.5	37.5	37.5	37.5	37.5
Laxur 11					
F. o. g. 11	25.0	25.0	25.0	25.0	25.0
Laxur 11					
F. o. g. 11	10.0	10.0	10.0	10.0	10.0

MAPA 1

REIÐLEIÐI LAYAFÉLAGA F. LAXA Á SKOGSÞINGUM

1927

STADUR	1927	1928	1929	1930	1931
Blakkur 11					
F. o. g. 11	37.5	37.5	37.5	37.5	37.5
Laxur 11					
F. o. g. 11	25.0	25.0	25.0	25.0	25.0
Laxur 11					
F. o. g. 11	10.0	10.0	10.0	10.0	10.0

TAFLA 1

ÞETTLEIKI LAXASEIDA Á LAXA Á SKÓGARSTROND
(FJOLDI Á 100 M²) 20. AGÚST 1987.

<u>STADUR</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>ALLS</u>
Blankur (1)					
F.o. Þjóðv.	47.5	274.1	37.0	81.9	440.5
Laxá (2)					
F.o. ós	17.9	21.6	4.2	10.9	54.6
Laxá (3)					
F.n. foss	10.1	25.0	4.5	20.0	59.6


TAFLA 2

MEDALLENGDIR LAXASEIDA Í LAXA Á SKÓGARSTROND
20. AGÚST 1987 EFTIR ALDURSHÖPUM.

<u>STADUR</u>	<u>0+</u>			<u>1+</u>			<u>2+</u>			<u>3+</u>		
	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
Blankur												
(1)	4.2	0.32	26	6.4	0.55	47	8.2	0.26	22	9.6	0.71	54
Laxá												
(2)	3.6	0.27	39	6.7	0.56	47	8.4	0.31	10	10.4	1.00	23
Laxá												
(3)	3.6	0.20	14	6.5	0.28	32	7.9	0.39	10	9.6	0.86	27


MYND 1:

VATNAKERFI LAXAR A SKÖGARSTROND. RAFVEIÐISTADIR ERU SYNDIR
MED NUMERUM.



MYND 2:

LAXVEIDIN I LAXA Á SKÖGARSTRÖND 1974-1987



MYND 3:

LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA A 3 VEIÐISTOÐUM I VATNAKERFI LAXAR A SKOGARSTRÖND 20 AGÜST 1987.

